

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 19. júlí 1982

um breytingu á II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum

(82/528/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/36/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 5. gr.,með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi*

Í 5. gr. tilskipunar 76/895/EBE er kveðið á um að innihaldi viðaukanna skuli breytt með jöfnu millibili og að breytingarnar séu gerðar með tilliti til framfara í tækni og vísindum og krafna sem gerðar eru í heilbrigðis- og landbúnaðarmálum.

Þar eð nægilegt er að auðkenna varnarefnaleifar með almennu heiti þeirra og efnaformúlu virðist æskilegt að einfalda framsetningu í II. viðauka við áður nefnda tilskipun.

Varnarefnin aramít og klórfensón hafa ekki lengur efnahagslega þýðingu og ólíklegt er að leifar þeirra finnist í matvælum. Því er við hæfi að fella þau niður úr áður nefndum II. viðauka.

Í ljósi aukinnar vísinda- og tækniþekkingar er nauðsynlegt að breyta ákvæðum II. viðauka, einkum um hámarksmagn atrasíns, asínfós-etylís, asínfós-metylís, barbans, bínapakrýls, karbarýls, klórbensíllats, díallats, endósúlfans, lindans, paraþíóns að meðtöldu paraoxóni og fólpeti.

Af sömu ástæðu virðist æskilegt að breyta tilskipuninni til samræmis við nýjustu þekkingu með því að bæta við ákvæðum um fleiri varnarefni, en leifar þeirra kunna að fyrirfinnast í ávöxtum og matjurtum, nánar tiltekið brómófos-etyl, brómóprópýlat, kaptafól, klórprófam, klórbúfam, klórfenvínfos, klórmekat, DDT, díasínón, díklóflúaníð, díklórvos, díkófól, díoxaþíón, díkvat, fentín, heptaklór, metýl-brómíð, parakvat, píretrín, tríallat, vamídóþíón og kínómeþíónat.

Einnig virðist æskilegt í samræmi við viðtekna alþjóðavenju að í stað hámarksmagns fyrir amítról, endrín og TEPP, sem hingað til hefur verið táknað með „núlli“ komi endanleg mörk sem ákveðin eru við eða í kringum lægri mörk.

Með tilliti til skekkju, einkum í sýnatöku og greiningu, sem leynist í eftirliti með hámarksmagni ber að gefa hámarksmagn til kynna með viðeigandi fjölda marktækra tölustafa. Því ber að leiðrétta leyfilegt hámarksmagn fyrir klórbensíð og metýl-paraþíón þar með talið metýl-paraoxón.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 46, 19. 2. 1981, bls. 33.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 95, 16. 4. 1982, bls. 6.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE:

1. Dálkur með fyrirsögninni „EBE-númer<sup>(1)</sup>“ og neðanmálgrein 1 falli niður;
2. Skráðu orðin „aramít“ og „klórfensón“ falli niður;
3. Hvað varðar varnarefnaleifarnar sem settar eru fram hér að aftan kemur eftirfarandi í stað upplýsinganna í töflunni, að efnaformúlunum undanskildum sem haldast óbreyttar:

Almennt heiti	Hámarks magn (í mg/kg (ppm))
amítról	0,05
atrasín	0,1
asínfós-etyl	0,05
asínfós-metyl	1: vínber, sítrusávéxtir 0,5: aðrar afurðir
bínapakryl	0,05: lauk-, hnyðis- og rötarmatjurtir 0,3: aðrar matjurtir, ávéxtir
karbaryl	3: aprikósar, epli, perur, ferskjur, vínber, plómur, blaðsalat, höfuðkál 1: aðrar afurðir
klórbensíð	2
klórbensílat	0,2: hnetur 2: aðrar afurðir
endósúlfan (summa $\alpha$ - og $\beta$ -endósúlfans og endósúlfansúlfats)	0,2: rötarmatjurtir 1: aðrar afurðir
endrín	0,01
fólpet	15: kirsuber, höfuðsalat, hindber, bláber, rífsber, vínber, jarðarber 10: sítrusávéxtir, kjarnaávéxtir 5: tómatar 2: aðrar afurðir
lindan (gamma-HCH)	2: blaðmatjurtir 0,5: tómatar, steinaldin og vínber 0,1: gulrætur 1: aðrar afurðir
metýl-parabíón að meðtöldu metýl-paraoxóni	0,2
TEPP	0,01

## 4. Eftirtöldum varnarefnaleifum skal bætt við ásamt viðeigandi upplýsingum:

Varnarefnaleifar		Hámarks magn (í mg/kg (ppm))
Almennt heiti	Efnaformúla	
brómófos-etyl	O-4-brómó-2,5-díklórófenýl-O,O-díetyl-fosfórípíóat	0,5
brómóprópýlat	ísóprópýl 4,4'-díbrómó-bensílat	3: sítrusávextir, bananar 2: kjarnaávextir og steinaldín, jarðarber og vínber 1: matjurtir 0,05: aðrir ávextir
kaptafól	1,2,3,6-tetrahydró-N-(1,1,2,2-tetraklóróetyl)þíó fatalímíð	8: blaðmatjurtir 2: rötargrænmeti 5: aðrar afurðir
klórfenvínfos (summa E- og Z-myndbrigða)	2-klóró-1-(2,4-díklórófenýl) vínýl-díetyl-fosfat	0,5: lauk-, hnýðis- og rötarmatjurtir, blaðselja, steinselja 0,05: sveppir, ávextir 0,1: aðrar matjurtir
klórmekat, táknað sem klórmekat katjón	2-klóróetyltrímetyl-ammóníum-jón	3: perur 1: vínber 0,05: aðrar afurðir
DDT (summa p,p'DDT; p-p'DDT; p,p'DDE og p-p'TDE)	1,1,1-tríklór-2,2-bis-(4-klórófenýl) etan	0,1
díasínón	O,O-díetyl O-2-ísóprópýl-6-metylþýríímídín-4-ýl fosfórípíóat	0,05: hnetur 0,5: aðrar afurðir
díklóflúaníð	N-díklóróflúórometylþíó-N,N'-dímetýl-N-fenýlsúlfamíð	10: höfuðsalat, jarðarber, önnur ber, vínber 5: aðrar afurðir
díklórvos	2,2-díklóróvínýl-dímetýl-fosfat	0,1
díkófól	2,2,2-tríklóró-1,1-bis(4-klórófenýl) etanól	2: ávextir 0,5: matjurtir
díoxapíón	S,S'-(1,4-díoxan-2,3-díýl) O,O,O',O'-tetraetyl-dí(fosfóródípíóat)	3: sítrusávextir 0,4: vínber 0,2: aðrar afurðir
díkvat, táknað sem díkvat katjón	1,1'-etylén-2,2'-bíþýrí-dýldýlfúmjón	0,1: matjurtir 0,05: aðrar afurðir
fentínsambönd (summa táknuð sem fentínhýdroxíð)	trífenýltín	1: blaðselja 0,1: gulrætur 0,05: aðrar afurðir

Varnarefnaleifar		Hámarks­magn (í mg/kg (ppm))
Almennt heiti	Efnaformúla	
heptaklór (summa heptaklórs og heptaklór-epoxíðs)	1,4,5,6,7,8,8-heptaklóró-3a,4,7,7a-tetravetnis-4,7-metanóinden	0,01
metýl-brómíð	brómómetan	0,1
parakvat, skráð sem parakvatkatjón	1,1' dímetýl-4,4'-bípyrídíldíýlíumjón	0,05
pýretrín (summa pýretríns I og II, síneríns I og II, jasmólíns I og II)	—	1
vamídópíón (summa vamídópíóns og vamídópíóns súlfoxíðs)	O,O-dímetíl S-2-(1-metýlkarbamóýletýlþíó)etýlfosfórópíóat	0,5: kjarnaá­vextir 0,05: aðrar afurðir
kínómepíónat	6-metýl-1,3-díþíóló[4,5-b]kvínoxalín-2-ón	0,3

5. Í stað efnisatriðanna „barban“ og „díallat“ koma flokkar sem taka hver um sig til „barbans, klórprófams, klórbúfams“ og „díallats, tríallats“ eins og hér fer á eftir:

Varnarefnaleifar		Hámarks­magn (í mg/kg (ppm))
Almennt heiti	Efnaformúla	
barban	4-klóróbút-2-ýnýl-3-klórókarbanílat; ísóprópýl 3-klórófenýlkarbamát; 1-metýlpróp-2-ýnýl-3-klórófenýlkarbamát	0,1: blaðselja, gulrætur, garðakerfill, nípa, steinselja
klórprófam		0,05: aðrar afurðir
klórbúfam		
díallat	S-2,3-díklóróallýl-díísóprópýlþíókarbamát; S-2,3,3-tríklóróallýl-díísóprópýlþíókarbamát	0,1
tríallat		

2. gr.

Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum 1. gr. eigi síðar en 1. júlí 1984. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 1982.

Fyrir hönd ráðsins,

B. WESTH

forseti.